

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. desember 2013
Tilvísun: UST20131100145/ksj

Lýsing. Rangárþing ytra, tillaga að breytingu aðalskipulags á vatnsverndarsvæði í landi Keldna.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á á afmörkun vatnsverndarsvæða ofan byggðar á Rangárvöllum í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022.

Tillaga að breytingu afmörkunar vatnsverndarsvæða

Í lýsingu kemur fram að í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010 – 2022 séu grannsvæði og fjarsvæði vatnsbóla afmörkuð rúmt. Einnig kemur fram að í samræmi við skýrslu Ísor frá 15.10.2012 um vatnsverndarsvæði í Rangárþingi ytra séu gerðar eftirfarandi breytingar: Grannsvæði í Heiðarhrauni og Brekknaheiði verða minnkað nokkuð, fjarsvæði sem nær yfir Sandgilshraun, Selsund og Heklu verður minnkað. Þá verður vatnsvernd á nokkrum lindasvæðum felld niður.

Umhverfisviðmið

Umhverfisstofnun bendir á lög nr. 36/2011 um stjórnun vatnamála, reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um neysluvatn 536/2001 sem viðmið.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri